



Þroski 19-24 mánaða barns



Grófhreyfingar

Beygir sig niður eftir hlut á miðju gólfi, reisir sig upp aftur.

Hleypur um, gengur sjálft upp og niður tröppur með því að styðja sig við, tekur eitt þrep í senn.

Gengur aftur á bak.

Fínhreyfingar

Þræðir perlur á band.

Leikur eftir að brjóta blað einu sinni.

Setur hring, ferhyrning, þríhyrning rétt í formbretti.

Snýr hurðarhúni, skrúfar loki af dós.

Flettir einstökum síðum í bók.

Gerir línu með blýanti (hermir eftir).

Byggir turn úr 4-6 kubbum.

Sjálfs hjálp

Biður um að drekka, borða, byrjar að segja til þvags og hægða. Vanið á kopp.

Klæðir sig í og úr buxum, sokkum, skóm.

Þvær og þurrkar sér um hendurnar.

Samskipti og leikur

Togar í fólk til að sýna eitthvað áhugavert.

Hjálpar til að taka saman dótið.

Kastar bolta aftur fyrir sig þegar það ætlar að kasta fram á við.

Sparkar bolta.

Málþroski

Byrjar að nota setningar. Notar eignarforöfn „þú, mig, ég“, 20-50 orð.

Kann nafnið sitt.

Endurtekur það sem sagt er við það (bergmál). Skilur tvöfalt boð, t.d. „farðu fram og náðu í skóna þína“.

Þekkir a.m.k. fimm líkamshluta.